

## Ályktun og afstaða stjórnar Knattspyrnufélags ÍA til hugmynda um skipulag og fyrirhugaðar framkvæmdir á íþróttasvæðinu á Jaðarsbökkum

Á fundi stjórnar Knattspyrnufélags ÍA (KFÍA) fimmtudaginn 2. maí var eftirfarandi samþykkt:

Stjórn KFÍA hefur með opnum huga skoðað þær hugmyndir sem eru uppi um framkvæmdir við íþróttasvæðið á Jaðarsbökkum. Félagið leggur áherslu á þá hagsmuni sem felast í góðri keppnis- og æfingaaðstöðu. KFÍA hefur skoðað hugmyndir um legu aðalvallar, en settar hafa verið fram vangaveltur um óbreytta legu annars vegar og snúning vallar um 90° hins vegar. Formlegar tillögur hafa ekki verið lagðar fram. Öllum á þó að vera ljóst að endurnýjun undirlags og yfirborðs vallarins er löngu tímabært og því mikilvægt að hefjast handa við þá framkvæmd sem allra fyrst.

Það er afdráttarlaus niðurstaða stjórnar KFÍA eftir ítarlega skoðun að halda Akranesvelli í núverandi legu, en fellst á að honum verði hnikað nær Akraneshöll og grasbrekku. Snúningur vallarins um 90° er að mati stjórnar félagsins ekki góð lausn út frá þörfum félagsins til framtíðar

Rök stjórnar KFÍA gegn 90° snúningi eru meðal annars eftirfarandi:

- Með 90° snúningi verður þrengt mikið að framtíðarmöguleikum aðalvallar.
- Með 90° snúningi verður opið fyrir allan vind frá hafi.
- Með 90° snúningi verður mjög þröngt við göngustíg Langasands.
- Þröngt verður að mæta nútímakröfum keppnisvalla og leyfiskerfi þess efnis.
- Með 90° snúningi mun vallarsvæðið ekki eiga neina vaxtarmöguleika í takt við breyttar kröfur og þjónustu komandi ára

Með því að halda núverandi legu (og færa nær Akraneshöll og nær grasbökkum):

- Í óbreyttri legu, en með tilfærslu vallarins er mögulegt að gera vallaraðstæður þannig úr garði að leikvangurinn hafi eðlilegt og nægjanlegt rými til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til valla í flokki B, samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga.
- Í óbreyttri legu vallarins er hægt að tryggja góða aðstöðu félagsins, iðkenda og áhorfenda og um leið taka tillit til framtíðar þróunar.
- Í óbreyttri legu er Akranesvöllur betur rammaður inn fyrir vindi.
- Með færslu vallar nær Akraneshöll og að grasbala, en í óbreyttri legu, skapast aukið rými fyrir gangandi umferð um göngu- og hjólastíg við Langasand.
- Mikilvægt er að á endurbyggðum velli verði öll ákvæði mannvirkjareglugerðar KSÍ uppfyllt þ.m.t. varðandi flóðljós, tryggjar aðkomuleiðir áhorfenda, leikmanna og nauðsynlegra tækja.
- Það eru 90 ár frá því að sjálfboðaliðar gerðu Akranesvöll. Það er mikilvægt að taka tillit til þeirrar sögu sem velliinum fylgir og mikilvægt að varðveita þann staðaranda sem þar er og hefur verið.



KFÍA telur hugmyndum um snúning vallarins um 90° ekki þjóna félaginu til framtíðar. Sú aðgerð þrengir um of að vellinum og yrði breytingin hamlandi fyrir framtíðarrekstur og framþróun Knattspyrnufélagsins.

Stjórn KFÍA minnir á þá þarfagreiningu sem félagið hefur sent bæjaryfirvöldum og telur óhjákvæmilegt að tekin verði afstaða til þeirra óska sem þar voru lagðar fram. Í framhaldinu teljum við mikilvægt að gera samkomulag eða sameiginlega yfirlýsingu Akraneskaupstaðar og KFÍA um hvernig koma eigi þeirri sýn félagsins í framkvæmd.

Akraneskaupstaður hefur um áratugaskeið verið íþróttabær í fremstu röð og hefur bæjarstjórn ítrekað ályktað um Akranes sem íþróttabæ. KFÍA deilir þessum mikla metnaði með bæjaryfirvöldum og vill áfram leggja sitt að mörkum til þess að íþróttalíf á Akranesi verði gróskumikið, uppbyggjandi og farsælt. Í þeim efnum er mikilvægt að horfa til þess að æfingasvæðið austan Akraneshallar styðji áfram við öfluga starfsemi KFÍA til langrar framtíðar. Iðkendur félagsins eru rúmlega 600 talsins sem spanna allt frá ungum börnum til iðkenda kvenna og karla á afreksstigi.

Aðstöðuna á æfingasvæðinu þarf að bæta með framtíðarþróun í huga. Jafnvel mætti skoða gönguleið í gegnum æfingasvæðið til að bæta aðgengi almennings að Langasandi og að taka lítinn hluta að sunnanverðu svæðinu til að bæta göngustíg Langasands og skerpa skil á milli Langasands og æfingasvæðis KFÍA.

Stjórn KFÍA er reiðubúin til samstarfs við Akraneskaupstað um skipulagningu og framkvæmdir á íþróttasvæðinu á ofangreindum forsendum og í samvinnu við fagfólk sem best þekkir til knattspyrnuleikvanga og æfingavalla.

Akranesi 2. maí 2024

F.h.stjórnar Knattspyrnufélags ÍA  
Eggert Herbertsson  
Formaður